

Úrskurður

Agamál nr. 17/2018-2019

Viðburður:	Leikur Stjórnunnar gegn KR í Dominos deildar mfl. kk. sem leikinn var þann 9. desember 2018.
Kærði:	Arnar Guðjónsson, þjálfari Stjórnunnar
Kærandi/ur:	Dómaranefnd KKÍ

Málavextir

Þann 11. desember 2018 var með vísan til 7. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd lögð fram kæra af hálfu dómaranefndar KKÍ gegn hinum kærða. Í kæru var vísað í frétt og myndbandsupptöku sem birtist á vefsíðunni visir.is og tekið fram að þar færi hinn kærði langt inn á völlinn til að mótmæla dómi þegar boltinn var í leik. Þá segir í kærinni að dómara leiksins hefðu dæmt tæknivillu en mat dómaranefndar væri að réttur dómur hefði átt að vera brottrekstrarvilla en skv. leikreglum FIBA grein 38.1 kæmi fram að „öll gróf ólþróttamannsleg hegðun leikmanns, liðsmanna á varamannbekk, þjálfara og annarra starfsmanna liðs væri brottrekstrarvilla.“

Í kæru kom einnig fram að um væri að ræða fordæmislausu hegðun hér á landi í leik á efsta stigi leiksins, svo vitað væri, og því hafi dómurum leiksins skort þjálfun til að bregðast við atvikinu. Jafnframt kom fram að mat fjölda erlendra fagaðila í dómgæslu sem dómaranefnd hefði sett sig í samband við um hvernig hefði borið að meðhöndla hegðun sem þessa væri á þá leið að um brottrekstrarvillu væri að ræða. Þá var vísað til leikreglna í körfubolta en þar væri skýrt kveðið á um að dómurum væri heimilt að meta tiltekin atvik eftir ætlun og anda leikreglanna til að viðhalda leikstjórn í leiknum, sbr. grein 47.3. Í reglunum kæmi fram að þjálfara væri heimilt að fara inn á leikvöll gegn samþykki dómara við meiðsli leikmanns þegar leiktíminn er stopp, aðeins læknir megi fara inn á þegar leiktíminn gengur ef viðkomandi telur leikmanni hætta búin, sbr. grein 5.4 og grein 5.5. Þjálfara væri jafnframt heimilt að fara inn á leikvöll við slagsmál inni á vellinum en aðeins þá til þess að aðstoða við að stöðva slagsmálin. Leikmönnum sem fara af varamannabekk og inn á völl við slíkar aðstæður ber að vísa af velli skv. grein 39.2.2 og grein 39.2.3 í leikreglunum. Einnig var vísað til greinar 7.5 varðandi samskipti þjálfara við dómara og að þau skulu vera á kurteisán hátt þegar boltinn er úr leik og leiktíminn er stopp.

Að mati dómaranefndar var framangreint tilvik mjög á skjön við þá hegðun þjálfara sem heimil er og mótmæli langt frá því svæði sem þjálfari ber að halda sig á eins kemur fram í greinum 7.3 og 7.4 í leikreglunum.

Undir rekstri málsins aflaði aga- og úrskurðarnefnd afstöðu dómara leiksins. Í henni kom fram að þeir væru sammála mati dómaranefndar að atvikið væri afdráttarlaust brottrekstur en ekki tæknivilla.

Greinargerð Stjórnunnar

Athugasemdir bárust frá Stjórnunni þann 12. desember 2018. Þar er þess aðallega krafist að kærinni verði vísað frá nefndinni. Til vara er þess krafist að kröfum dómarnefndar verði hafnað. Af hálfu Stjórnunnar er vísað til þess að almenna reglan sé sú að ákvörðun dómara leiks séu endanlegar og bindandi eins og kemur fram í 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Telur félagið að ákvæði 7. mgr. 6. gr. sömu reglugerðar feli í sér undantekningarreglu sem túlka ber þröngt og á einkum við þegar ljóst þykir að dómara hafa ekki fyllilega gert sér grein fyrir því hvað gerðist. Stjarnan nefnir sem dæmi ef dómara átta sig á að brot er framið en sjá hins vegar ekki fyllilega alvarleika þess og beita því vægari refsingu en ella. Dæmi um niðurstöðu af þessum toga sé úrskurður nr. 57 2017/2018 þar sem leikmaður ÍR var dæmdur í þriggja leikja bann vegna háttsemi sinnar í leik gegn Stjórnunni.

Stjarnan telur að algengustu viðbrögð aga- og úrskurðarnefndar séu að vísa málum frá á grundvelli 4. mgr. 6. gr. enda þar um meginreglu að ræða. Sama regla kemur fram í leikreglum um körfuknattleik en ákvæði 47.8 er afar skýrt um að ákvarðanir sem teknar eru af dómurum leiks eru endanlegar og verður ekki breytt. Annað ákvæði sem skiptir máli hér að mati Stjórnunnar er ákvæði 46.11, en þar kemur fram að dómari taki endanlega ákvörðun hvenær sem þörf er á.

Stjarnan vísar einnig til þess að ekki kemur fram í kæru dómarnefndar hvaða kröfur nefndin gerir á hendur hinum kærða eða hvaða viðurlögum hann eigi að sæta. Af hálfu Stjórnunnar er vísað til 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar en þar kemur fram í d) lið að skýr kröfugerð sé eitt þeirra skilyrða sem kæra þarf að fullnægja. Telur Stjarnan að svo virðist sem dómarnefndin krefjist einhvers konar viðurkenningar á því að „*réttur dómur hefði átt að vera brottrekstrarvilla.*“ Tekur Stjarnan fram að efni kærunnar virðist þannig beinast að dómurum leiksins fremur en hinum kærða. Telur Stjarnan þannig að það sé ekki hlutverk aga- og úrskurðarnefndar að endurskoða störf dómara og kveða upp úr um að þeim hafi orðið á mistök í leik.

Til stuðnings kröfu um sýknu vísar Stjarnan til þess að engan veginn sé óyggjandi að sú hegðun sem þjálfarinn sýndi af sér geti talist „*gróf óíþróttamannsleg hegðun*“ sem verðskuldað hafi brottvikningu skv. gr. 38.1 í leikreglunum. Stjarnan bendir á að umrætt ákvæði eigi við um grófustu hegðun sem þjálfari getur gerst sig sekan um, að slagsmálum skv. 39. gr. undanskildum. Telur félagið að sé aga- og úrskurðarnefnd fært að breyta niðurstöðu dómara leiks verði gögn málsins að sýna á „*óyggjandi hátt*“ að brot hafi verið framið. Hér er um afar mikilvæga reglu að ræða að mati Stjórnunnar enda séu dómara leiks almennt í bestu aðstöðu til að meta alvarleika brots. Þá segir í greinargerð Stjórnunnar að endurskoðun á grundvelli myndupptöku geti oft nýst ef atburðir gerast hratt og dómara eiga erfitt með að greina þau meðan margt annað er í gangi. Að mati félagsins sé þetta alls ekki tilfellið hér. Dómara hafi séð að þjálfari hljóp inn á völlinn og andmælir að ekki hafi verði dæmt á atvik sem hann taldi fela í sér brot. Að mati Stjórnunnar sé enginn vafi um atvikið og ekkert sem upptökur af atvikinu sýna sem dómurum var ekki ljóst á staðnum. Þeir dómara sem upplifðu atvikið mátu það einfaldlega þannig að viðurlög við því væru tæknivilla og var hún gefin á staðnum. Að mati Stjórnunnar fellur ákvörðun dómara vel að þeim viðurlögum sem tilgreind eru í gr. 36.3.2 í leikreglunum en þar kemur fram að tæknivilla á aðila á varamannabekk, þ.m.t. þjálfara teljist m.a. villa sem

gefin er fyrir að sýna dómurum óvirðingu með tjáningu eða að snerta dómara eða starfsmenn leiksins eða andstæðinga. Engum blöðum er um það að fletta að mati Stjórnunnar að hróp þjálfarans verðskulduðu tæknivillu enda varð sú niðurstaða dómara leiksins. Jafnframt andmælti Stjarnan í greinargerð sinni nokkrum punktum í röksemdum dómaranefndar, þ. á m. um fordæmalaus hegðun þjálfara varðandi að stíga inn á völlinn, álit erlendra fagaðila hefði ekki fylgt með kærú og atriði er lúta að túlkun leikreglna.

Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar

Skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir „reglugerðin“) hefur dómaranefnd KKÍ sérstakan kærú- og ábendingarrétt til aga- og úrskurðarnefndar. Jafnframt hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða um öll önnur mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna körfuknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Í greinargerð Stjórnunnar er vísað til formkrafna 7. gr. reglugerðarinnar en sú regla á einungis við um kærúmál en ekki agamál. Verður því ekki séð að heimild skorti á nokkurn hátt til að taka þetta mál fyrir né að framsetning kærú dómaranefndar sé með þeim hætti að Stjórnunni eða hinum kærða sé torvelað að koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi hið kærða atvik. Verður þessu máli því ekki vísað frá nefndinni.

Ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar fjallar um sérstakar málsmeðferðarreglur vegna agamála. Í 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir að aga- og úrskurðarnefnd sé bundin af ákvörðun dómara leiks, t.d. varðandi brottvísun eða tæknivillu. Um er að ræða grundvallarreglu í almennum agamáli. Frá þessari grundvallarreglu hefur verið gerð undantekning í 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar en þar segir að aga- og úrskurðarnefnd sé heimilt að taka til meðferðar kærú eða ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum. Af þessu má vera ljóst að aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að beita viðurlögum vegna agabrota, jafnvel þó dómurum leiks hafi yfirsést eða gert mistök vegna tiltekins atviks, ef óyggjandi gögn sýna fram á að brot hafi verið framið sem hefði átt að leiða til brottrekstrarvillu og þar með hefði viðkomandi einstaklingi átt að vera vísað af leikvelli.

Af myndbandsupptökunni sem dómaranefnd vísaði til á vefmiðli má sjá að hinn kærði fer inn á miðjan leikvöllinn í fyrsta leikhluta þegar boltinn er í leik. Af upptökunni er ljóst að hinn kærði beinir athugasemdum sínum að þeim dómara sem var næst nýliðnu atviki. Af myndbandsupptökunni má sjá að athugasemdir hins kærða og allt fas á þessu tiltekna andartaki er óviðeigandi og ókurteist. Í kærú dómaranefndar, sem skipa þrjú körfuboltadómarar, og einnig af afstöðu þriggja dómara leiksins sem greint er frá hér að framan, má sjá rökstuðning og ályktanir út frá leikreglum í körfuknattleik varðandi framangreint atvik. Þessi aðilar telja allir að umrætt atvik hefði átt að fela í sér brottrekstrarvillu en ekki tæknivillu. Aga- og úrskurðarnefnd er sammála þessu mati.

Aga- og úrskurðarnefnd telur því að í máli þessu hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að brot hafi verið framið sem hefði átt að leiða til brottrekstrarvillu og hinum kærða hefði þar með átt að vera vísað af leikvelli, sbr. ákvæði 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Nefndin telur að háttsemi hins kærða falli undir verknaðarlýsingu c) liðar 13. gr. reglugerðarinnar en þar segir að hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik eða ósæmilega framkomu skuli aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í eins eða tveggja leikja bann. Við slíka ákvörðun ber nefndinni líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotþoli. En þar sem hinum kærða var ekki veitt brottrekstrarvillla í leiknum, sem er skilyrði fyrir því að beita ákvæði c) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, er ekki hægt að byggja viðurlög alfarið á þeim grundvelli. Nefndin telur þó að framangreint sé til leiðbeiningar um viðurlög. Aftur á móti segir í ákvæði j) liðar 13. gr. reglugerðarinnar að sé aðili kærður til aga- og úrskurðarnefndar sem hafi ekki verið vísað af leikvelli eða leikstað sé aga- og úrskurðarnefnd heimilt að dæma viðkomandi í tímabundið leikbann.

Með vísan til ákvæðis j) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. til hliðsjónar c) lið 13. gr. reglugerðarinnar, skal hinn kærði sæta eins leiks banni vegna hins kærða atviks.

Björgvin Halldór Björnsson og María Káradóttir tóku ekki þátt í meðferð málsins.

Úrskurðarorð

Hinn kærði, Arnar Guðjónsson, skal sæta eins leiks banni vegna háttsemi sinnar í leik Stjórnunnar gegn KR í Dominos deildar mfl. kk. sem leikinn var þann 9. desember 2018.

Reykjavík 2. janúar 2019

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður
Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður
Kristinn G. Kristinsson
Birkir Guðmundarson